

47  
27 júní hvert lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og miða við tiltekinn hundraðshluta af upphæð gjaldanna, þó aldrei hærri en 25% af öllum slíkum gjöldum í umdæminu. Greiðsluna mega lögreglustjórar telja til frádráttar fiskiskipagjöldunum á aukatekjureikningi sínum.

Ef hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns innheimtir gjöldin, skal greiðslan fyrir innheimtukostnað renna óskert til hans.

2. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi, er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Jón Þorláksson.*

48

27 júní

## LÖG

um

breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga.  
nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 6. og 7. lið í 1. gr. laganna komi:

6. a. Af óunnu tóbaki kr. 4.00 af hverju kg.

- b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 4.80 af hverju kg. **48**  
27. jún
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) kr. 12.80 af hverju kg.  
Vindlingar skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósnum, sem þeir eru seldir í.

### 2. gr.

Merkja skal umbúðir allra tóbakstegunda, hverju nafni sem nefnast, um leið og gerð er grein fyrir tollinum, með álimdum miðum, er stjórnarráðið lætur tollheimtumönnum í tje og á er letrað „tollur greiddur“.

Lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, og setur stjórnarráðið nánari ákvæði um tollmerkin.

### 3. gr.

Nú finnast tóbaksvörur, sem ekki eru merktar tollgreiðslumerki, en ekki verða þó taldar falla undir ákvæði gildandi laga um tollsvik, og skal þá telja tollinn ógreiddan, nema handhafi sanni, að tollur sje greiddur. Þó skal altaf telja saknæma vanrækslu, ef ómerktar tóbaksvörur finnast hjá þeim, er versla með tóbak, og varðar slík vanræksla sektum, alt að þreföldum tolli af hinum ómerkту vörum.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1926. Frá sama degi falla úr gildi lög nr. 40, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Þorláksson.*